

Skyldugreiðslur, sem á jafnaðarsjóði hvíla samkvæmt lögum, svo sem kostnaður til amtsráðsins, sáttamála, heilbrigðismála (bólusetningar), heyrnar- og málleysingja, notkun fangelsa, svo og út af fjárkláða, ef fyrir kann að koma, greiðir hvort amtið fyrir sig, eptir því, sem þar tilfellur. Kostnað við samning verðlagsskráa, svo sem hina venjlegu þóknun til hjeradsprófastsins í Eyjafjarðarsýslu, greiði norðuramtið að $\frac{2}{3}$ en austuramtið að $\frac{1}{3}$ hluta.

Þetta er yður hjermeð þjónustusamlega tjáð, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar.

Bref landshöfðingja til sýslumannsins í Hánavatnssýslu, um leyfi til halda lotteri. — Hjer með læt jeg ekki hjálða þjónustusamlega að tjá yður, herra sýslumaður, að jeg eptir beiðni, er hingað hefur borizt beina leið, frá forstöðukonu kvennaskólans á Ytriey, hef veitt leyfi til þess að hún haldi lotterí til ávinnings fyrir hinn svenefnda «Kvenmenntunarsjóð», er stofnaður var á Ytriey veturinn 1890 91 af 45 kvennmönnum, um eptirnefnda muni: 3. sept.

1. Harmonium fyrir 160 krónur
2. Sessuborð nr. 1 18 —
3. Sessuborð nr. 2 12 —
4. Armband — 15 —

og hef jeg eptir kringumstæðunum samþykkt, að 2500 seðlar sjeu gefnir út til nefnds lotteris, og hver seldur á 1 krónu, að því áskildu, að nákvæmlega sje hlýtt þeim reglum og ráðstöfunum, er þjer sem lögreglustjóri gjörði til þess, að allt fari vel og rjettilega fram.

Þetta er yður þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar ráðstöfunar.

Bref landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna, um breyting á lántökuleyfi til húsabyggingar á prestsetri. — Eptir að hafa mótttekið þóknanlegt brjef stiptsyfirvaldanna dags. 31. f. m. og þar með fylgjandi beiðni prestsins að Gaulverjabæ, síra Ólafs Helgasonar, þar sem hann sækir um breytingu á lántökuleyfi því til húsabyggingar á nefndu prestsetri, sem fyrirrennara hans í embættinu, síra Jóni sál. Steingrímssyni, var veitt með brjefi mínu dags., 27. febr. þ. á., vil jeg hjermeð samkvæmt tillögum yðar fallast á, að upphæð lánsins verði aukin um 400 krónur, þannig að lánið allt verði 3200 kr., og að í stað tvíloptaðs húss, 11×12 álna, verði byggt einloptað hús 14×12 álna með porti, 1 al. 9 þuml., og með kjallara undir hálfu húsinu, ef því verður við komið, í stað útibúrs. 118 5. sept.

Svo vil jeg og veita leyfi til að borgunarfresturinn verði 28 ár, ef presturinn getur fengið lán með svo löngum afborgunarfresti, en um það, hvort slíkt lán geti fengizt úr landssjóði, er ávaxtist og endurborgist á 28 árum með 6% á ári, verður ekki sagt fyrr en yfirlit er fengið yfir fjárhag landssjóðs í árslok 1891.